



Fundur Ungmennaráðs Langesbyggðar

10. fundur Ungmennaráðs Langesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langesbyggðar að Langesvegi 2, fimmtudaginn 5. Mars2026. Fundur settur kl. 16:15

Mætt voru: Ólafur Ingvi Sigurðsson, Dögun Rúnarsdóttir, Guðbjörn Lúther Ævarsson, Ragnar Geir Axelsson og Hólmfríður Katrín Jónsdóttir (fjarfundi).
Sigurbjörn V. Friðgeirsson stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Verkaskipting nýs Ungmennaráðs Langesbyggðar

Hólmfríður Katrín Jónsdóttir bauð sig fram til formanns.

Ákveðið var að skyldur ritara gætu gengið milli manna.

Samþykkt samhljóða.

2. Boð til samtals við Ungmennaráð á Norðurlandi-eystra

Lagt fram til kynningar.

Bókun um afgreiðslu:

Ungmennaráð Langesbyggðar fagnar erindinu og telur að allt samráð við ungt fólk sé til bóta.

Samþykkt að stefna að mætingu og Sigurbirni falið að sjá um undirbúning.

Samþykkt samhljóða

3. Ráðstefna ungmennaráð sveitarfélaga

Rætt var um fyrirhugað Ungmennanæing SSNE sem á að fara fram á Húsavík 14.-15. apríl. Ungmennaráð

Langesbyggðar stefnir á að senda fulltrúa þangað líkt og fyrri ár.

4. Önnur mál.

4.1 Guðbjörn hefur veitt því eftirtekt að þörf er á viðhaldi vegstika á afleggjurum í sveitinni. Víða vantar þær inn á milli eða eru skemmdar. Sigurbirni falið að kanna nánar í hvaða farvegi þessari ábendingu væri best borgið.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17:15